

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

19. maí 2017

Þingskjal 537 – 406. mál

Landgræðsla

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar þessu nýja frumvarpi til laga um landgræðslu og þeim áherslum sem þar eru lagðar um sjálfbærni og jafnvægi á milli nýtingar og verndar landsins. Sömuleiðis er ánægjulegt að sjá að gert er ráð fyrir nánú samstarfi við sveitarfélögin, m.a. um gerð svæðisáætla.

Stjórn SSA vill hvetja til þess í frumvarpinu verði einnig gert ráð fyrir að Landgræðslan geti úthýst hluta starfsemi sinnar til sérfræðinga út um land þannig að svæðisbundin þekking nýtist sem best og opinberum störfum fjölgi á landsbyggðinni. Má í því sambandi nefna Náttúrustofur sem starfræktar eru um allt land.

Nýverið samþykkti stjórn SSA bókun þar sem segir m.a.: “Of margar tillögur um valdsvið/verksvið ríkisstofnana bera að sama brunni, þ.e. veikja starfsemi stofnana á landsbyggðinni og færa verkefni til stærri miðlægra stofnana. Stjórn SSA telur að þetta sé afar óheillavænleg þróun og skorar á alþingismenn og ráðherra að huga að þessu í vinnu við lagafrumvörp og lagabreytingar. Verði ekki breyting á mun fótunum smám saman verða kippt undan búsetumöguleikum utan stór Reykjavíkursvæðisins.”

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal,
formaður stjórnar



1966-2016